

Umsögn sóttvarnaráðs um nýtt frumvarp til sóttvarnalaga Þingskjal 1293 — 867. mál 2024.

Sóttvarnaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum þann 4. apríl síðastliðnum.

Sóttvarnaráð hefur áður sent inn athugasemdir við nær samhljóma fyrra frumvarp 2023, vísun í umfjöllun í samráðsgátt stjórnvalda og minnisblað HRN.

Athugasemdir eftir greinum frumvarpsins:

4. grein Orðskýringar:

Liður 4: Farsótt. Skilgreiningin sem hér er lögð fram er full víð- leggjum til „Með farsótt er átt við tilkynningaskyldan smitsjúkdóm sem breiðist hratt út, leggst á tiltölulega marga og ógnað getur almannaheill.“

Liður 8: Ónæmisaðgerðir - úrelt orð, það ætti að nota orðið „ónæmisörvun“.

5. grein Yfirstjórn sóttvarna

Sóttvarnaráð gerir ekki athugasemdir við breytingar á skipan sóttvarnalæknis og telur tilfærslu á yfirstjórn frá landlækni til ráðherra eðlilega.

6. grein Hlutverk sóttvarnalæknis:

Hér þarf að bæta inn nýjum tölulið um hlutverk sóttvarnalæknis í að fylgjast með þróun og hafa áhrif á þróun sýklalyfjaónæmis, samanber nýútgefna aðgerðaáætlun um aðgerðir til að sporna við sýklalyfjaónæmi¹

Liður 13: hér eiga fyrri athugasemdir um að styrkja þurfi ákvarðanir um bólusetningar með stofnun svokallaðrar bólusetninga ráðgjafanefndar. Sóttvarnaráði finnst of veikt að liður 13 með athugasemdum neðar um að „Sóttvarnalækni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar sérfræðinga vegna þeirra verkefna sem falla undir hlutverk hans samkvæmt lögum þessum.“ (sjá andsvör HRN í minnisblaði við samhljóma athugasemdir við fyrra frumvarp) eigi að vera næglegur lagagrunnur. Þess í stað ætti að kveða formlega á um stofnun bólusetninga ráðgjafanefndar² (National Immunization technical advisory group, NITAG) með skýrum lagamma þar sem skilgreindir eru meðlimir með fagþekkingu, markmið, ábyrgð og skyldur.

8. grein Farsóttanefnd

Sóttvarnaráð hefur áður tjáð sig um þær fyrirætlanir að leggja niður ráðið, og stofna þess í stað farsóttanefnd. Sóttvarnaráð telur mjög mikilvægt að við skipun í farsóttanefnd, sé sú krafa að sá einstaklingur sem Landspítalinn skipi sé ekki bara með þekkingu á smitsjúkdómum, heldur sé sérfræðilæknir í smitsjúkdómum eða sýklafræði. Þá er rétt að benda á að farsóttanefnd kemur ekki í stað sóttvarnaráðs þegar kemur að ráðgjöf til heilbrigðisyfirvalda. Hægt að leysa þá ráðgjafarþörf með skírskotun til 6. greinar sem kveður á um heimild sóttvarnalæknis til að kalla til sérfræðinga sér til ráðgjafar.

¹ Stjórnarráðið | Ný aðgerðaáætlun heilbrigðisráðherra til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis ([stjornarradid.is](#))

² [https://www.who.int/europe/groups/national-immunization-technical-advisory-groups-\(nitags\)](https://www.who.int/europe/groups/national-immunization-technical-advisory-groups-(nitags))

Um leið og verksvið og umboð sóttvarnalæknis verður aukið, þá er dregið úr formlegri tengingu sóttvarnalæknis við þær deildir sem mesta þekkingu hafa á sviði sóttvarna, með því að leggja niður sóttvarnaráð (sýkla- og veirufræðideild, smitsjúkdómadeild og sýkingavarnadeild Landspítalans). Vitnað er til þess í greinargerð með frumvarpinu að litið hafi verið til dönsku laganna við gerð þessa frumvarps. Þar er stjórnskipuleg ábyrgð á sviði sóttvarna á sviði fjögurra aðgreindra stjórnvalda þar á meðal Statens Serum Institut. Á öllum Norðurlöndunum, utan Íslands, gegna þær stofnanir sem fara með hlutverk tilvísunarrannsóknastofu mikilvægu hlutverki í stjórnsýslulegri ábyrgð sóttvarna (Statens Serum Insitut, Folkehelseinstituttet, Folkehalsomyndigheten og THL). Ekki eru til sambærilegar stofnanir á Íslandi, en það sem kemst næst því er samstarf sóttvarnalæknis og sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans (SVEID). SVEID hefur til fjölda ára gegnt veigamiklu hlutverki í sóttvörnum landsins samkvæmt samningi við sóttvarnalækni frá 2015 og sem tilvísunarrannsóknastofa fyrir Ísland. Þrátt fyrir þetta er deildin hvergi nefnd á nafn í lögnum. Sóttvarnaráð telur að kveða ætti á um hlutverk deildarinnar bæði í 10. og 15. grein frumvarpsins. Evrópusambandið gerir kröfur um samstarf við tiltekna lýðheilsurannsóknastofur í aðildarlöndunum og hefur SVEID gegnt þessu hlutverki fyrir Íslands hönd frá stofnun Evrópsku sóttvarnastofnunarinnar (ECDC). Ekki er möguleiki að aðrar rannsóknastofur gegni þessu hlutverki fyrir Íslands hönd.

10. grein Samvinna stofnana

Her er kveðið á um „Þá skal sóttvarnalæknir hafa samvinnu við Landspítala vegna sóttvarna.“ Þetta teljum við vera of þröngt- enda eðlilegt að sóttvarnalæknir leiti til Landspítala varðandi sýkingavarnir, greiningu og meðferð sjúkdóma og eins samvinnu við gerð leiðbeininga um markvissa notkun sýklalyfja.

Setningin hljóði því: „Þá skal sóttvarnalæknir hafa samvinnu við Landspítala varðandi sýkingavarnir, greiningu og meðferð sjúkdóma og eins samvinnu við gerð leiðbeininga um markvissa notkun sýklalyfja.“

12. grein Skyldur einstaklinga og lögaðila

Sóttvarnaráð gerir ekki athugasemd við niðurfellingu á skyldu einstaklings að undirgangast meðferð við sjúkdómi. Það skapar hins vegar ríkari skyldu að hlíta tilmælum um ráðstafanir til að fyrirbyggja útbreiðslu smits.

15. grein Rannsóknastofur

Á öllum Norðurlöndunum, utan Íslands, gegna þær stofnanir sem fara með hlutverk tilvísunarrannsóknastofu mikilvægu hlutverki í stjórnsýslulegri ábyrgð sóttvarna (Statens Serum Insitut, Folkehelseinstituttet, Folkehalsomyndigheten og THL). Ekki eru til sambærilegar stofnanir á Íslandi, en það sem kemst næst því er samstarf sóttvarnalæknis og sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans (SVEID). SVEID hefur til fjölda ára gegnt veigamiklu hlutverki í sóttvörnum landsins samkvæmt samningi við sóttvarnalækni frá 2015 og sem tilvísunarrannsóknastofa fyrir Ísland. Þrátt fyrir þetta er deildin hvergi nefnd á nafn í lögnum. Sóttvarnaráð telur að kveða ætti á um hlutverk deildarinnar. Evrópusambandið gerir kröfur um samstarf við tiltekna lýðheilsurannsóknastofur í aðildarlöndunum og hefur SVEID gegnt þessu hlutverki fyrir Íslands hönd frá stofnun Evrópsku sóttvarnastofnunarinnar (ECDC). Ekki er möguleiki að aðrar rannsóknastofur gegni þessu hlutverki fyrir Íslands hönd. Við teljum að þetta hlutverk SVEID Landspítalans ætti að vera skýrt í lögnum.

Fyrir hönd sóttvarnaráðs
Ólafur Guðlaugsson formaður.